

Ed.

1021. Nefndarálit

[40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Frv. var breytt í meðförum neðri deildar í samkomulagsátt þannig að prósentuhlutfallið var hækkað úr ¼% í ½% af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim.

Þó að undirritaðir nefndarmenn telji að það sé varhugavert af Alþingi að setja löggjöf sem skerðir einhliða tekjustofna sveitarfélaganna fallast þeir á þessa breytingu til samkomulags. 2. minni hluti leggur því til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá neðri deild.

Alþingi, 18. maí 1984.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Helgi Seljan,
frsm.

Salome Þorkelsdóttir.